

Þær meginreglur sem nú gilda um framkvæmd íbúakosninga sveitarfélaga eftir framangreindar lagabreytingar eru eftirfarandi.

1. Íbúakosningar sveitarfélaga fara fram á grundvelli sveitarstjórnarlaga og reglugerðar um íbúakosningar í stað þess að fara eftir meginreglum kosningalaga. Sveitarfélög þurfa ekki að setja sér reglur um framkvæmd íbúakosninga nema vegna íbúakosninga í nefnd sem fer með málefni fyrir hluta sveitarfélags, sbr. 38. gr. sveitarstjórnarlaga.
2. Í stað þess að kveðið sé á um að kosningarréttur við íbúakosningar fari samkvæmt kosningalögum, er nú mælt fyrir um kosningarrétt í íbúakosningu í sveitarstjórnarlögum. Í sveitarstjórnarlögum kemur nú fram að þeir aðilar sem almennt hafa kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningar hafi einnig kosningarrétt við íbúakosningar, að undanskildum námsmönnum sem hafa flutt lögheimili sitt á grundvelli 4. mgr. 9. gr. laga um lögheimili og aðsetur, nr. [80/2018](#).
3. Reglur um kjörskrá fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga.
4. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að kosningaréttur sé miðaður við 16 ár í öllum tegundum af íbúakosningum.
5. Íbúakosning getur hafist 20 dögum eftir að hún er auglýst í stað 36 daga.
6. Við íbúakosningar um einstök málefni sveitarfélags, sem fram fara að frumkvæði sveitarstjórnar og eru ekki bindandi, sbr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga, er sveitarstjórnnum veitt vald til að ákvarða kosningarrétt á nokkra vegu, svo sem að binda kosningarrétt við ákveðinn aldur, þannig að kosningaaldur sé sérstaklega afmarkaður vegna kosningar um tiltekið málefni eða að erlendir ríkisborgarar aðrir en frá Norðurlöndum geti kosið við tilteknar íbúakosningar óháð búsetutíma eða ríkisfangi þeirra.
6. Veitt er sérstök heimild fyrir því í sveitarstjórnarlögum að hægt sé að greiða atkvæði í íbúakosningu með pósti og einnig að íbúakosningar sveitarfélaga fari fram á tilteknu tímabili í stað þess að þær fari fram á ákveðnum kjördegi.

Nánar um drög að reglugerð um íbúakosningar

Framkvæmd íbúakosninga eins og þeim er lýst er í drögum um reglugerð um íbúakosningar viku að ýmsu leyti frá framkvæmd hefðbundinna kosninga sem haldnar eru á grundvelli kosningalaga. Helstu reglur sem mæla fyrir um framkvæmd íbúakosninga í reglugerðinni eru eftirfarandi:

- Íbúakosningar sveitarfélaga skulu fara fram á a.m.k. *tveggja vikna tímabili og mest fjögurra vikna*. Reglugerðin gerir ráð fyrir að a.m.k einn kjörstaður sé opinn með reglulegan opnunartíma, t.d. á skrifstofu sveitarfélagsins en að leitast skuli við að opnunartími og fjöldi kjörstaða sé í samræmi við fjölda íbúa og vegalengdir í sveitarfélaginu.
- Heimilt er að hafa hreyfanlegan kjörstað, t.d. kosningabíl. Auk þess er heimilt að opna kjörstaði til styttri tíma.
- Almennt er ekki gert ráð fyrir kjörfundi eða kosningadegi. Er því ekki gert ráð fyrir utankjörfundaratkvæðagreiðslu hjá sýslumönnum eða sendiráðum.
- Til að auka aðgengi að kosningum enn frekar er gert ráð fyrir því að kjósendur eigi þess kost að *greiða atkvæði með pósti*.
- Póstatkvæðagreiðsla fer fram með eftirfarandi hætti:

- Í auglýsingu sveitarfélags um íbúakosningar skal koma fram hvernig póstatkvæðagreiðsla fer fram og hvenær ósk um kjörgögn skal í síðasta lagi berast kjörstjórn.
- Kjósandi óskar eftir því við kjörstjórn að fá kjörgögn send til sín á það heimilisfang eða það netfang sem hann gefur upp.
- Halda skal skrá utan um þá kjósendur fá kjörgögn send til sín.
- Óski kjósandi eftir að fá atkvæði sent á heimilisfang er atkvæðaseðill ásamt sendiumslagi, kjörseðilsumslagi og fylgibréfi sent til kjósanda á umbeðið heimilisfang. Kjósandi merkir við atkvæðið og leggur það í kjörseðilsumslagið í viðurvist tveggja lögráða votta eða lögbókanda. Kjósandi fyllir út fylgibréf og leggur það og atkvæðisumslag í sendiumslagið.
- Óski kjósandi eftir að fá kjörgögn send rafrænt eru þau send á umbeðið netfang. Atkvæðaseðill og fylgibréf eru prentuð út af kjósanda og kjósandi merkir við atkvæðið og leggur það í umslag sem kjósandi útvegar sjálfur. Umslagið og fylgibréf er lagt í annað umslag sem kjósandi útvegar einnig sjálfur.
- Kjósandi annast sjálfur sendingu atkvæðis til kjörstjórnar og ber kostnað af sendingu bréfsins.
- Kjörstjórn heldur utan um atkvæði sem berast með pósti sérstaklega og eru þau ekki opnuð fyrr en eftir að atkvæðagreiðsla er lokið.
- Kjósanda er heimilt að mæta einnig á kjörstað og greiða atkvæði sitt þar. Atkvæði hans sem berst kjörstjórn með pósti fellur þá niður.
- Ekki er tekið til greina atkvæði sem berst til kjörstjórnar eftir að atkvæðagreiðsla er lokið, ef atkvæði berst frá kjósanda sem ekki er á skrá um að hafa óskað eftir kjörgögnum eða ef kjósandi hefur þegar greitt atkvæði á kjörstað.
- Greinarmunur er gerður á framkvæmd íbúakosninga um einstök málefni sem eru ekki bindandi og kosninga í nefnd sem fer með málefni fyrir hluta sveitarfélags og annara íbúakosninga. Svigrúm er fyrir sveitarfélög að minnka enn frekar umfang slíkra kosninga með því að ákveða:
 - Að atkvæðagreiðsla fari fram á styttri tímabili, þó skal atkvæðagreiðsla að lágmarki vara í 8 klukkustundir.
 - Að ekki fari fram póstatkvæðagreiðsla við slíkar kosningar.
- Í ljósi þess trausts sem ríkja verður um kosningar sem fram fara á vegum sveitarfélaga og mikilvægi þess að allir íbúar hafi möguleika á að njóta kosningaréttar síns, er í reglugerðardrögunum að finna sambærilegar reglur um kjörgögn og varðveislu þeirra, aðstoðarmenn og framkvæmd talningar og finna má kosningalögum.